

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gildistöku tiltekinna gerða Evrópubandalagsins um mat og eftirlit með áhættu af skráðum efnum nr. 161/1998.

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður f), sem orðast svo:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000, frá 25. október 2000, um fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali við reglugerðina.

a) Inngangur fylgiskjals verður svohljóðandi:

Viðkomandi gerðir eru birtar hér á eftir þ.e. reglugerð (EBE) nr. 793/93, reglugerð (EB) nr. 1488/94, reglugerð (EB) nr. 2268/95, reglugerð (EB) nr. 142/97, reglugerð (EB) nr. 143/97 og reglugerð (EB) nr. 2364/2000 með textabreytingum í samræmi við tölulið 12e, 12f og 12h, XV. kafla, II. viðauka í EES-samningnum. Gerðir þessar hafa einnig verið birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB.

b) Textinn í viðauka við reglugerð þessa bætist aftast í fylgiskjalið.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, sbr. og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 12e, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 27. febrúar 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

VIÐAUKI

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000 frá 25. október 2000 um fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93.

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 frá 23. mars 1993 um mat og eftirlit með áhættu skráðra efna (1), einkum 8. og 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EBE) nr. 793/93 er komið á kerfi til að meta og hafa eftirlit með áhættu sem stafar af skráðum efnum og mælt er fyrir um, ef meta á áhættu samfara slíkum efnum, að borin séu kennsl á þau forgangsefni sem gefa þarf sérstakan gaum að.
- 2) Því ber framkvæmdastjórninni, samkvæmt 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, að taka saman skrá yfir forgangsefni að teknu tilliti til tiltekinna þátta sem taldir eru upp í sömu grein.
- 3) Í 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93 er mælt fyrir um að fyrir hvert efni í forgangsskránni skuli tilnefna aðildarríki sem annast skuli mat á viðkomandi efni. Tryggja ber að aðildarríkin axli jafna byrði þegar efnum er útteilt milli þeirra.
- 4) Með reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1179/94 (2), 2268/95 (3) og 143/97 (4) var fyrsta, önnur og þriðja forgangsskrá samþykkt.
- 5) Ákvæði þessarar reglugerðar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var komið á fót samkvæmt 15. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 793/93, er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.
2. Í skránni eru aðildarríkin, sem skulu annast mat á einstökum efnum, jafnframt tilgreind.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópu-bandalaganna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 25. október 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Margot WALLSTRÖM
framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

	EINECS nr.	CAS nr.	Efnaheiti	Aðildar- ríki
1	201-029-3	77-47-4	hexaklórsýklópentadíen	NL
2	201-236-9	79-94-7	2,2',6,6'-tetrabrom-4,4'- ísoprópylidendifenól	UK
3	201-853-3	88-72-2	2-nítrótólúen	E
4	202-679-0	98-54-4	4- <i>tert</i> -bútýlfenól	N
5	202-696-3	98-73-7	4- <i>tert</i> -bútýlbenzósýra	D
6	203-539-1	107-98-2	1-metoxýprópan-2-ól	F
7	203-603-9	108-65-6	2-metoxý-1-metýletýlasetat	F
8	203-905-0	111-76-2	2-bútoxýetanól	F
9	203-933-3	112-07-2	2-bútoxýetýlasetat	F
10	204-015-5	112-90-3	(Z)-oktadek-9-enýlamín	D
11	204-450-0	121-14-2	2,4-dínítrótólúen	E
12	204-695-3	124-30-1	oktadekýlamín	D
13	213-611-4	994-05-8	2-metoxý-2-metýlbútan	FIN
14	214-946-9	1222-05-5	1,3,4,6,7,8-hexahýdró-4,6,6,7,8,8- hexametýlindenó[5,6-c]pýran	NL
15	215-175-0	1309-64-4	díantimontríoxíð	S
16	215-185-5	1310-73-2	natríumhýdroxíð	P
17	215-540-4	1330-43-4	dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt	A
18	216-133-4	1506-02-1	1-(5,6,7,8-tetrahýdró-3,5,5,6,8,8- hexametýl-2-naftýl)etan-1-on	NL
19	222-068-2	3333-67-3	nikkelkarbónat	DK
20	231-743-0	7718-54-9	nikkeldíklóríð	DK
21	232-051-1	7784-18-1	álflúoríð	NL
22	232-188-7	7789-75-5	kalsíumflúoríð	NL
23	233-139-2	10043-35-3	bórsýra, óhreinsuð ⁽¹⁾	A
24	234-343-4	11113-50-1	bórsýra	A
25	236-068-5	13138-45-9	nikkeldínítrat	DK
26	237-158-7	13674-84-5	tris(2-klór-1-metýletýl)fosfat	IRL/UK
27	237-159-2	13674-87-8	tris[2-klór-1-(klórmetýl)etýl]fosfat	IRL/UK
29	247-759-6	26523-78-4	tris(nónýlfenýl)fosfít	F
30	253-760-2	38051-10-4	2,2-bis(klórmetýl)trímetýlenbis(bis (2-klóretýl)fosfat)	IRL/UK
31	262-976-6	61788-45-2	mettuð tólgaralkýlamín	D
32	262-977-1	61788-46-3	kókosalkýlamín	D

⁽¹⁾ Inniheldur í mesta lagi 85% af hreinni sýru miðað við þurrvig.